



Fjáraflanir eftir árgöngum

Miðað við að flokkaskipting sé í október ár hvert.

1. og 2. bekkur

Karla	2 x harðfiskur.
Kvenna	Heimilispakkning og mandarínusala.
Saman	Morgunmatur á TM- og Orkumóti. Eurovision nammi.

3. og 4. bekkur

Karla	Þrif í Listaskóla, FÍV, Skátaheimili og Hamarsskóla á Orkumóti
Kvenna	Vaktir í Hamarsskóla á TM- og Orkumóti.
Saman	4 x klósettpappírssala á ári.

5. og 6. bekkur

Karla	Vaktir í Barnaskóla og FÍV + þrif á Barnaskóla á TM- og Orkumóti.
Kvenna	Kaffisala á leikjum. Þrif í Hamarsskóla og Alþýðuhúsi + sjá um grill á TM móti.
Saman	Sjoppa á handboltamótum og selja ÍBV varning.

7. og 8. bekkur

Karla	Sokkasala Hummel. Jólappapír. Safna styrktarlínunum í Mótsblað fyrir 15. maí
Kvenna	Safna styrktarlínunum í Mótsblað fyrir 30. maí.
Saman	Sjoppa á TM- og Orkumóti og aðstoða við þátttökupeninga. Selja Þjóðhátíðarblað. Sala á vörum frá Grími Kokk.

9. og 10. bekkur

Karla	Skipulagsdagatal.
Kvenna	Lakkrís.
Saman	Kleinubakstur. Kjötsala SS.

Þau sem fara út:

Skylda	Þrif í Höllinni og Týsheimili á TM- og Orkumóti.
Skylda	Vaktir og þrif í skólum á handboltamótum og klukkuvaktir.
	Fá stóru fyrirtækin til að kaupa af þeim tiltekt í skiptum fyrir auglýsingu á búningum.
	Bingo. Páskaeggjasala. Áburðarsala.
Skylda	Álfadans á Prettándanum.
Skylda	Þrif í dalnum + dósir á Þjóðhátíð.

Skylda

Þegar flokkar félagsins spila á mótum hér í Eyjum þá þurfa iðkendur að aðstoða við stöflun stóla og borða í skólunum.

Aðrar fjáraflanir:

Endurskinsmerki, álfasala, kaffisala, sprittkertasala, 1. maí merki, kleinusala, fisksala frá Fiskverkun VE.

Reglur vegna fjáraflana á vegum ÍBV Íþróttafélags

Við skorum á foreldra að taka virkan þátt í fjáröflunum á vegum félagsins. Foreldrar þurfa þó að hafa í huga að ef að iðkandi hættir íþróttaiðkun hjá félaginu þá getur viðkomandi ekki fengið inneign sína útgreidda. Hægt er að færa inneign iðkanda yfir á systkini (ef þau eru að æfa hjá félaginu) eftir þörfum en ef ekki er um slík tengsl að ræða þá dreifist inneignin á flokkinn/unglingaráð. Hafa ber því í huga að safna ekki of miklu þannig að eftir 16. aldursár verði eftir mikil upphæð sem ekki er hægt að nýta. Í félaginu er búið að setja þak á inneign, en eftir að 10. aldursári líkur er ekki æskilegt að inneign sé hærri en kr. 300.000,- og við lok 14. aldursárs á iðkandi ekki að eiga meira en 150.000,- í sjóð. Foreldrar þurfa að fylgjast vel með að inneignin sé ekki of mikil þar sem umframfé rennur inn í flokkinn/unglingaráð. Á 15. eða 16. aldursári er farið í utanlandsferð. Stærsta fjáröflunin fyrir þessa ferð eru þrif í Herjólfssdal á Þjóðhátíð. Ætlast er til að foreldrar viðkomandi barna taki þátt í þessari fjáröflun. Í sambandi við þessa ferð og þessa fjáröflun þarf að hafa í huga að ef iðkandi hættir sinni iðkun dreifist inneign viðkomandi á flokkinn. Komi upp ófyrirséðar aðstæður metur Unglingaráð hvert tilvik fyrir sig. Búið er að skipta fjáröflunum skipulega á milli árganga og eru foreldrar beðnir að virða það skjal. Fjáraflarnir félagsins eru sameiginlegar báðum íþróttagreinum, ef iðkandi stundar aðeins aðra greinina þá tekur viðkomandi eingöngu þátt í þeim fjáröflunum sem í gangi eru meðan á leiktímabili iðkanda stendur.